

Nd.

436. Breytingartillögur

[180. mál]

við frv. til laga um Seðlabanka Íslands.

Frá Skúla Guðmundssyni og Lúðvík Jósefssyni.

1. Við 11. gr.
 - a. Á eftir orðunum „á reikningi hjá honum“ í 3. málsg. bætist inn í málsgreinina: þó aðeins af þeirri aukningu, sem er umfram þá upphæð, er svarar til almennra innlánsvaxta af öllu innlánsfénu.
 - b. Við greinina bætist ný málsgrein, þannig:
Ákvæði þessarar greinar taka ekki til innlánsstofnana, sem hafa minna en 20 millj. kr. innstæðufé samtals.
2. Við 12. gr. Í stað „ríkistryggð verðbréf eða önnur trygg verðbréf, er nemi“ komi: í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, ríkistryggð verðbréf eða önnur trygg verðbréf, er nemi samtals.